

## GJALDSKRÁ

### fyrir Vestmannaeyjahöfn.

#### Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Vestmannaeyjahöfn er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

#### Um gjaldtöku tengda stærð skipa.

2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnanna og njóta þjónustu þeirra.

#### Skipagjöld.

4. gr.

##### *Lestargjöld:*

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 14,65 á mælieiningu skv. 2. gr. við hverja komu til hafnar.

##### *Bryggjugjöld:*

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju skal greiða kr. 8,28 á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 95,62 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 10.370 á mánuði. Bátar minni en 20 brt greiða þó aldrei lægra en kr. 6.831 á mánuði. Lægsta gjald fyrir hverja komu til hafnarinnar skal vera kr. 4.532. Komugjald fyrir skútur við skal vera kr. 4.500 á viku.

#### Vörugjöld.

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnanna, þó með þeim undantekningum er síðar getur. Farmflytjandi skal skila farmskrá og öðrum nauðsynlegum gögnum til Vestmannaeyjahafnar vegna álagningar vörugjalda.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendar eða erlendar en eru látnar á land um stundarsakir, (transit-flutningur) skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi. Um vörugjald af flutningi með ferjum skal semja við ferjueiganda/rekstrar aðila.

7. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

Umbúðir, svo sem tómir gámar, fiskkör, tankar o.fl., sem endursendar eru.

Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.

Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.

Úrgangur frá skipum sem fluttur er til eyðingar.

Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum eða farangri ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

## 8. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá:

1. fl.: Gjald kr. 347 fyrir hvert tonn:  
Bensín, brennsluolíur, laust korn, salt, kísilgúr, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 660 fyrir hvert tonn:  
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 714 fyrir hvert tonn:  
Annar flutningur en sá sem getið er í 1. fl. og 2. fl.  
Lágmarksgjald er 257 kr./tonn
4. fl.: Aflagjald 1,38%.  
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.  
Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski er 0,7% heildarverðmætis.  
Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Þegar afli er fluttur út í gámum, sér sá sem sér um útflutninginn um innheimtu aflagjalds og er ábyrgur fyrir því þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Hámarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 6.004 fyrir hvert tonn.

**Hafnsögugjöld.**

## 9. gr.

*Fyrir leiðsögu til hafnar, eða úr höfn.*

Hafnsögugjald fyrir hverja ferð kr. 6,37 fyrir hverja mælieiningu.

Hafnsögugjald fast gjald kr. 4.179 fyrir hverja ferð.

Fyrir leiðsögn innan hafnar er tekið hálf gjald.

Ferð með hafnsögumann kr. 15.310 í dagvinnu og kr. 29.111 í yfirvinnu.

*Aðstoð við skip innan hafnar. Lóðsinn:*

0 – 4.000 brt, kr. 19.124.

4.001 – 6.000 brt, kr. 28.686.

6.001 – 8.000 brt, kr. 38.248.

Hækkar síðan um kr. 9.562 fyrir hver 2000 brt.

**Þjónusta dráttarbáta.**

## 10. gr.

*Lóðsinn.*

Þjónusta innan hafnar, kr. 30.719 fyrir hverja klst í dagvinnu.

Þjónusta innan hafnar, kr. 45.141 fyrir hverja klst í yfirvinnu.

Þjónusta utan hafnar, kr. 76.541 fyrir hverja klst í dagvinnu.

Þjónusta utan hafnar, kr. 97.708 fyrir hverja klst í yfirvinnu.

Í yfirvinnu er lágmarksgjald fyrir hafnarbáta 2 klst. Gjaldskrá miðast við lágmarksáhöfn skv. reglugerð. Fyrir aukamenn greiðist sérstaklega.

Fyrir aðstoð við skip og báta utan hafnar er samið sérstaklega.

**Festargjöld.**

## 11. gr.

Festargjald fyrir mann í dagvinnu, kr. 5.300 og í yfirvinnu, kr. 12.383.

Frestist brottför/færsla skips um meira en 30 mínútur frá uppgefnum tíma án þess að tilkynning um það hafi borist a.m.k. 2 klst. áður, greiðist fullt festargjald pr. festarmann.

**Farþegagjald.**

12. gr.

Farþegagjald skal innheimt af farþegum skemmtiferðaskipa og skemmtibáta sem hafa afnot af hafnaraðstöðu Vestmannaeyjahafnar.

Gjaldið er kr. 325 fyrir hvern farþega.

Ferðaþjónustubátar sem gerðir eru út frá Vestmannaeyjum skulu greiða kr. 122 fyrir hvern farþega.

**Vatns- og rafmagnssala.**

13. gr.

Í samræmi við samþykkt framkvæmda- og hafnarráðs Vestmannaeyjabæjar frá 9. janúar 2018 og skv. reglugerð nr. 125/2015 um brennisteinsinnihald í fljótandi eldsneyti þá skulu öll skip sem liggja við hafnarbakka og geta tekið við rafmagni úr landi tengjast landrafmagni. Þeim skipum sem unnt er að þjóna með þessum hætti er því óheimilt að keyra ljósavélar, nema viðvera þeirra í höfn sé innan við 6 klukkustundir.

*Vatnsgjöld:*

Vatn, kr. 246 fyrir hvert tonn. Lægsta gjald er kr. 1.230.

Tengigjald vatns, kr. 2.298 í dagvinnu og kr. 12.383 í yfirvinnu.

Vatnsgjald heimabáta er kr. 34 pr./brt.

*Rafmagnssala:*

Rafmagn, kr. 15,22 fyrir hverja kWst. til skipa.

Tengigjald rafmagns er kr. 1.608 í dagvinnu og kr. 12.383 í yfirvinnu.

**Úrgangs- og förgunargjald.**

14. gr.

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og reglugerð nr. 1200/2014 ber skipstjóri ábyrgð á að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningarlaust skila fyrir komu skips til hafnar útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað skal á land. Misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Skip sem óskar eftir að Vestmannaeyjahöfn taki á móti úrgangi skal tilkynna um það að lágmarki 48 klst. fyrir komu til hafnar.

Öll skip sem falla undir 11. gr. c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skulu greiða eftirfarandi vegna úrgangs:

- a. *Úrgangsgjald:* Við komu skips til hafna skal skip greiða 0,78 kr. á brt. Gjald þetta skal standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á úrgangi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 5.559 og hámarksgjald kr. 48.577.
- b. *Úrgangsgjald:* Gjald skv. a-lið má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá 0,38 kr. á brt. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 5.397 og hámarksgjald kr. 26.998.
- c. *Úrgangsgjald:* Skip og bátar sem koma oftar en fjórum sinnum til hafnar á sama almanaksári greiða samkvæmt b-lið fyrir fimmtu komu og komur eftir það.
- d. *Úrgangsgjald:* Skip og bátar sem hafa varanlega viðveru skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á úrgangi. Mánaðargjaldið skal vera kr. 5.559.
- e. *Förgunargjald:* Við komu til hafnar skulu öll skip sem falla undir 11. gr. laga nr. 33/2004 greiða förgunargjald óháð því hvort þau skila úrgangi í land. Förgunargjaldið skal standa undir förgun á úrgangi sem skilað er á land:  
Gjaldið miðast við eftirfarandi sorpmagn:  
Farþegaskip undir 30.000 brt: Sorpmagn 5 m<sup>3</sup> kr. 75.000.  
Farþegaskip frá 30.000 brt til 100.000 brt: Sorpmagn 10 m<sup>3</sup> kr. 150.000.  
Farþegaskip yfir 100.000 brt: Sorpmagn 15 m<sup>3</sup> kr. 225.000.

Önnur skip skulu greiða 75.000 kr. Gjaldið miðast við 5 m<sup>3</sup> af sorpi.

Greiða skal samkvæmt h-lið fyrir sorp sem fer umfram ofangreinda viðmiðun.

Skip og bátar sem hafa varanlega viðveru í Vestmannaeyjahöfn skulu háðir sérstöku samkomulagi sem m.a. taki á lögum og reglum um skil á sorpi.

Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 75.000.

- f. *Förgunargjald*: Leiti skip til viðurkennds aðila um móttöku á úrgangi getur það fengið álagt förgunargjald skv. e-lið endurgreitt enda skili það áður kvittun móttökuaðilans ásamt réttum upplýsingum um losað magn. Skilyrði endurgreiðslu kostnaðar er að kvittun móttökuaðila hafi borist Vestmannaeyjahöfn innan tveggja sólarhringa frá brottför skips.
- g. Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 getur Umhverfisstofnun veitt skipum í áætlunarsiglingum, sem hafa reglulega viðkomu í höfnum og sýna fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í hverri höfn á siglingaleiðinni undanþágu frá afhendingu úrgangs.
- Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um afhendingu úrgangs eða skilum á tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.
- h. Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. og 11. gr. c. laga nr. 33/2004 skulu greiða fyrir móttöku hafnar og förgun á almennu sorpi. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er kr. 15.000 á hvern rúmmetra og skal greitt að lágmarki fyrir einn rúmmetra. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnað umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

#### **Vigtargjald.**

15. gr.

Vigtargjald er kr. 146 fyrir hvert tonn. Lægsta gjald er kr. 879.

Fyrir yfirvinnu vigtarmanns greiðast kr. 5.845 fyrir hverja klst. Lágmarksgjald er fyrir 2 klst.

Skráningargjald er kr. 146 fyrir hvert tonn að 500 tonnum, en kr. 76,52 fyrir hvert tonn frá 501 til 1.000 tonna og kr 14,66 fyrir hvert tonn yfir 1.000 tonnum.

#### **Lóðargjöld og lóðarleiga.**

16. gr.

*Almenn regla:*

Lóðargjöld eru ákveðin af framkvæmda- og hafnarráði við úthlutun hverrar lóðar.

Fyrir geymslusvæði greiðast 564 kr./m<sup>2</sup> á mánuði.

Skipasandur – geymslusvæði smábáta: Greiða skal fyrir afnot af geymslusvæði á sama hátt og um bryggjupláss væri að ræða. Bátar og tómar bátakerrur sem ekki greiða bryggjugjöld skulu greiða sem samsvarar lægsta bryggjugjaldi.

#### **Siglingavernd.**

17. gr.

Af hverju skipi, sem leggst við verndaða hafnaraðstöðu skal greiða sérstakt öryggisgjald. Gjaldið er kr. 38.987 á hvert skip.

Fyrir öryggisvöktun skal greiða tímargjald sem er kr. 5.281 fyrir hvern öryggisvörð í dagvinnu og kr. 5.901 í næturvinnu.

Lágmarkstími er 2 klst.

#### **Önnur þjónusta.**

18. gr.

*Hafnarverðir.*

Fyrir vinnu hafnarvarða við hreinsun og mengunarstörf eða aðra þjónustu greiðast kr. 6.378 fyrir hverja klst. í dagvinnu og kr. 11.480 fyrir hverja klst. í yfirvinnu.

Í yfirvinnu er greitt að lágmarki fyrir 2 klst. pr. hafnarvörð.

**Um innheimtu og greiðslu gjalda.**

19. gr.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

20. gr.

Skipstjóri, eigandi, umboðsmaður og umráðamaður skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Vestmannaeyjahafnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfn og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

21. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða komið með á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnanna. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður en skip hefur siglingu, nema sérstaklega sé samið um annað. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

22. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðkröfum, sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Vestmannaeyjahöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

23. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Vestmannaeyjahöfn er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

**Gildistaka.**

24. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Vestmannaeyjahöfn er samþykkt af framkvæmda- og hafnarráði Vestmannaeyjabæjar 22. desember 2020 og, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1312/2016.

*Vestmannaeyjum, 22. desember 2020.*

**Ólafur Þór Snorrason** hafnarstjóri.